

Námsvísir 2022-2023

4. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari/kennarar: Arna S. Andrésd.



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

### **Markmið**

Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum fyrir íslensku skipt í fjóra flokka en þeir eru talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er eftir þessum hæfniviðmiðum sem tilgreind eru í aðalnámskránni:

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafi-19>

### **Talað mál hlustun og áhorf**

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu
- endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið (s.s. eftirminnilegum atburði, ákveðnu fyrirbæri, upplestur, leikið efni, ljóð eða söngva)

### **Lestur og bókmenntir**

- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- beitt bókmenntahugtökum (s.s. persónu, söguþræði, umhverfi, tíma og boðskap)
- beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði (s.s. rími, ljóðstaf og hrynjanda)
- aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni (s.s. einföldum skýringarmyndum, söguveg, hugtakakortum og venn-kortum)

### **Ritun**

- skrifað skýrt og læsilega
- samið fjölbreyttan texta frá eigin brjósti (s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð)
- nýtt grunnþætti í uppbyggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi
- beitt einföldum stafsetningarreglum

### **Málfræði**

- raðað í stafrófsröð og geti notað við leit
- þekkt í sundur nafnorð, lýsingarorð og sagnorð
- fundið kyn, tölu, fall, stig og tíð
- greint mun á samnöfnum og sérnöfnum

### **Kennsluaðferð / vinnulag**

Kennt er eftir kennsluaðferðinni Byrjendalæsi sem er samvirk nálgun í læsiskennslu barna. Unnið er með ákveðinn gæðatexta í hverri viku. Kennari les fyrir nemendur. Unnið er með lykilorð og ákveðin markmið út frá hverjum texta. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Mikið unnið í hringekju og á vinnusvæðum.

**Námsmat**

Lögð eru fyrir lesferlill (hraðapróf) í september, janúar og maí. Lögð eru fyrir Orðarún (lesskilningspróf) í nóvember og maí. Vinna og virkni í tímum metin.

Leiðsagnarnám

Heimalestur metinn eftir fjölda skipta sem lesinn er yfir skólaárið.

Ýmis verkefni

**Námsgögn**

Mismunandi gæðatexti (skáldsögur, þjóðsögur, ljóð og fræðigreinar)

Hinar ýmsu verkefnabækur (Lesrún, Ritrún)

Skriftarbók

Sögubók

Ljósrituð verkefni